

**Ed.**

**676. Lög**

um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí).

**1. gr.**

Stjórninni er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs það eða þau lán, sem nauðsyn er á til að greiða úr peningakreppu þeirri, sem nú er í landi, og, ef til kemur, til að kaupa hluti í Íslandsbanka.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.